

Tilfærsla öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga

Kynning hjá Samfylkingunni 60+
2. febrúar 2013

Bolli Þór Bollason

skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu og
formaður nefndar sem undirbýr yfirfærsluna



1. Hvað felst í tilfærslunni ?

- Tilfærslan er hluti af stefnumörkun stjórnvalda um að tryggja öldruðum góða þjónustu, stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúana og styrkja sveitarstjórnarstigið
- Rökrétt framhald af flutningi þjónustu við fatlað fólk árið 2011 og mikilvægt að draga lærdóm af því ferli
- Tilfærsla öldrunarþjónustu er umfangsmikið og flókið viðfangsefni sem krefst mikillar skipulagningar og góðs fyrirvara
- Sveitarfélögin þurfa góðan tíma til að búa sig undir að fást við verkefnið og því mikilvægt að allar ákvarðanir sem tengjast yfirfærslunni liggi fyrir með nægum fyrirvara



1. Hvað felst í tilfærslunni ?

- Tilfærsla á málefnum aldraðra er hins vegar talsvert frábrugðin flutningi á málefnum fatlaðs fólks, jafnt fjárhagslega sem efnislega
- Þótt ríkið fari með yfirstjórn og fjármögnun mikilvægra þjónustupáttanna sjá sveitarfélög nú þegar um framkvæmd mikils hluta öldrunarþjónustu
- Eins eru sjálfseignastofnanir og aðrir sjálfstæðir aðilar rekstraraðilar margra öldrunarstofnana
- Flutningurinn felst því meira í tilfærslu á fjármögnun frá ríki til sveitarfélaga en flutningi á rekstri og þjónustu



1. Hvað felst í tilfærslunni ?

- Hjúkrunar- og dvalarheimili, dagvist aldraðra, endurhæfing og hvíldarinnlagnir flytjast yfir
- Sömuleiðis heimahjúkrun – Jákvæð reynsla frá Reykjavík, Akureyri og Höfn
- Hjúkrunarrými á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum færast en þarfnast sérstakrar skoðunar
- Mat á vistunarpörf á hjúkrunarheimilum flyst yfir
- Yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd þjónustu verður hins vegar áfram hjá ríkinu
- Lyfjakostnaður: Aldraðir njóti sömu kjara og aðrir



2. Skipulag undirbúnings tilfærslunnar

- Nefnd um flutning öldrunarþjónustu skipuð 14 fulltrúum þriggja ráðuneyta, sveitarfélaga og helstu hagsmunaaðila tók til starfa í nóvember 2011 og fundar um það bil mánaðarlega
- Framkvæmdahópur þriggja ráðuneyta og fulltrúa sveitarfélaga undirbýr fundi og samhæfir starfið
- 2 ráðgjafar vinna að greiningu á ýmsum sviðum
- Sérstök upplýsingagátt hefur verið opnuð á vef velferðarráðuneytisins með fundargerðum og helstu skýrslum og greinargerðum:
 - <http://www.velferdarraduneyti.is/yfirfaerslan/>



2. Skipulag undirbúnings tilfærslunnar

- Nefndin hefur skilgreint fjölmörg verkefni sem þarf að vinna að áður en málaflokkurinn flyst yfir til sveitarfélaga
- 6 verkefnahópar hafa þegar hafið störf og 4 til viðbótar hefja störf fljótlega
- Starfsmenn ráðuneytisins leiða þessa hópa og auk þess sitja í hópunum fulltrúar frá sveitafélögnum og öðrum hagsmunaaðilum eftir því sem verkefnin gefa tilefni til
- Jafnframt starfa ráðgjafarnir með öllum hópunum
- Alls koma hátt í 50 manns að þessu verkefni



3. Lýsing á helstu verkefnum hópanna

- Mat á umfangi og kostnaði við öldrunarþjónustu, þ.e. fjölda þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda, m.a. eftir landssvæðum, kostnaði við heimahjúkrun o.fl.
- Það þarf að greina þörf fyrir mismunandi tegundir öldrunarþjónustu, sem tekur m.a. mið af aldurssamsetningu einstaklinga.
- Eins þarf að skoða möguleika á tengslum svokallaðs RAI-mats, sem er mælikvarði á hve mikla umönnun einstaklingar á hjúkrunarheimilum þurfa, og vistunarmats sem ákvarðar hvort einstaklingar eru taldir þurfa hjúkrunarrými



3. Lýsing á helstu verkefnum hópanna

- Eitt umfangsmesta verkefnið sem tengist yfirfærslunni snýr að því að endurskoða frá grunni fyrirkomulag greiðslna þeirra sem búa á hjúkrunarheimilum og afnema svonefnt vasapeningakerfi sem er réttlætismál
- Í stað þess að allar lífeyrisgreiðslur þessara einstaklinga fari í gegnum Tryggingastofnun er gert ráð fyrir að þeir fái greiðslurnar beint og sjái sjálfir um að greiða fyrir húsaleigu og annan kostnað sem fylgir venjulegu heimilishaldi, ss. mat, þvott o.fl. Þá er til skoðunar að húsaleiga taki mið af stærð og gerð húsnæðis og verði auk þess tekjutengd. Slíkt kerfi hefur lengi verið við lýði í Danmörku og gefist mjög vel.



3. Lýsing á helstu verkefnum hópanna

- Þá er unnið að gerð þjónustusamninga við öll hjúkrunarheimili áður en tilfærslan kemur til framkvæmda. Þetta er umfangsmikið verkefni sem kallar m.a. á skýra kröfulýsingu og kostnaðargreiningu á einstökum þjónustupáttum
- Eins þarf að huga að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga í tengslum við yfirfærsluna, m.a. hvort færa eigi lög um málefni aldraðra inn í almenna löggjöf um heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar, félagsþjónustu sveitarfélaga o.fl.
- Sömmuleiðis mun einn hópur skoða áhrif tilfærslunnar á starfsmannamál, m.a. til að tryggja réttindi starfsmanna



3. Lýsing á helstu verkefnum hópanna

- Einn verkefnahópanna á að skilgreina helstu gæða- og eftirlitsþætti vegna tilfærslunnar, þmt. setja skýr viðmið um hvaða þjónusta eigi að vera í boði og móta þjónustu- og gæðastaðla í því skyni að efla eftirlits- og matskerfi öldrunarþjónustunnar
- Loks á einn hópur að meta heildarkostnað vegna tilfærslunnar, þmt. greina mögulega veikleika í fjármögnun þjónustunnar í dag og meta áhrif fjölgunar aldara á kostnað. Sömuleiðis þarf að skoða mögulega hagræðingu vegna samþættingar þjónustu sem og hugsanlegar jöfnunaraðgerðir vegna mismunandi mats á hjúkrunarþörf o.fl.



4. Lokaorð

- Flutningur öldrunarþjónustu til sveitarfélaga er viðamiklidi viðfangsefni sem krefst mikillar skipulagningar og því er mikilvægt að taka þann tíma sem verkefnið krefst
- Endurskoðun greiðslufyrirkomulags einstaklinga á hjúkrunarheimilum með afnámi vasapeningakerfis og upptöku sértækra greiðslna fyrir húsaleigu og annan kostnað sem fylgir heimilishaldi er réttlætismál og löngu tímabær en jafnframt tímafrek
- Eins segir sig sjálf að fjárhagsrammi yfirfærslunnar þarf að liggja fyrir með góðum fyrirvara. Þar eru ýmis stór verkefni, ss. að meta kostnaðaráhrif fjölgunar aldraðra, greina veikleika í fjármögnun þjónustunnar í dag o.fl.



4. Lokaorð

- Gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimilin er enn eitt stóra verkefnið sem kallar á skýra kröfulýsingu og kostnaðargreiningu á einstökum þjónustupáttum
- Þá þarf að hafa í huga að þær lagabreytingar sem hér um ræðir eru umfangsmiklar og mikilvægt að vanda undirbúning þeirra, ekki síst ef færa á lög um málefni aldraðra inn í almenna löggjöf
- Sveitarfélögin hafa lagt áhersla á að niðurstaða úr endurmati á tilfærslu málaflokks fatlaðra liggi fyrir áður en öldrunarþjónustan flyst yfir en það verður árið 2014
- Ársbyrjun 2015 sýnist því fyrsti mögulegi tímapunktur fyrir yfirfærslu á öldrunarþjónustu til sveitarfélaganna

